

58. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 19. nóvember 2009 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Kynning á skjalasafni Fjármála- og stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar; 2. Þingsályktunartillaga um opin gögn og rafrænan aðgang að þeim; 3. Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða um kvenfélög og fyrirhugað átaksverkefni um sóknarnefndir; 4. Fundur Þjóðskjalasafns með héraðsskjalavörðum, handbók um skjalavörslu sveitarfélaga og reglur Þjóðskjalasafns um rafræna skjalavörslu; 5. Þátttaka Héraðsskjalasafns Kópavogs í Norrænum skjaladegi; 6. Ársrit Héraðsskjalasafnsins; 7. Starfsmannamál; 8. Kaup á búnaði; 9. Húsnæðismál, óskað eftir fundi með bæjarstjóra; 10. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

- 1. Kynning á skjalasafni Fjármála- og stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar:** Héraðsskjalavörður segir frá nýlegri kynningu á heimasíðu Kópavogs um embætti „skjalastjóra Kópavogsbæjar“ yfir Skjalasafni sem sé „faglegt yfirvald yfir skjalamálum á aðalskrifstofu bæjarins að Fannborg 2 sem og í öllu bæjarkerfinu.“ Stjórn lýsir þeirri skoðun að þessi skipan fari ekki að lögum um Þjóðskjalasafn sem er æðsta stjórnvald í málum héraðsskjalasafna, sjá 6. gr. laga nr. 66/1985, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 283/1994.
- 2. Þingsályktunartillaga um opin gögn og rafrænan aðgang að þeim:** Fram hefur komið tillaga til þingsályktunar (pskj. 188, 169. mál) um opin gögn og rafrænan aðgang að þeim. Hún varðar undirbúning að því að breyta upplýsingalögum sem skjalasöfn á Íslandi starfa eftir. Í þingsályktunartillögunni er hvatt til þess að opna aðgengi að bréfadagbókum opinberra stofnana sem krefst skipulagsbreytinga á meðferð og skráningu skjala. Lögð er áhersla á rafrænt aðgengi að opinberum upplýsingum. Stjórn sýnist að sum gögn, sem þar er rætt um, eigi ekki erindi á hvers manns borð og þyrfti að skilgreina nánar hvað átt er við.
- 3. Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða um kvenfélög og fyrirhugað átaksverkefni um sóknarnefndir:** Félag héraðsskjalavarða í samvinnu við Kvenfélagasambandið setti fyrir á árinu af stað söfnunaráttak héraðsskjalasafna á skjalasöfnun kvenfélaga og félaga kvenna á Íslandi. Félagið hefur samið drög að skýrslu um skjöl kvenfélaga í héraðsskjalasöfnum á Íslandi og mun skýrslan birtast á heimasíðu félagsins www.heradsskjalasafn.is. Fyrirhugað er sambærilegt áttak í upphafi næsta árs þar sem skjöl sóknarnefnda verða viðfangsefnið. Leitað verður samvinnu við kirkjuna um það.
- 4. Fundur Þjóðskjalasafns með héraðsskjalavörðum, handbók um skjalavörslu sveitarfélaga og reglur Þjóðskjalasafns um rafræna skjalavörslu:** Fundurinn var haldinn í Þjóðskjalasafni 5.-6. nóv. 2009. M.a. var fjallað um handbók um skjalavörslu sveitarfélaga sem ætlunin er að verði tilbúin snemma á árinu 2010. Héraðsskjalaverðir fengu að sjá hana í drögum á fundinum en fá hana ekki afhenta fyrir en menntamálaráðuneytið hefur farið yfir drögin. Ástæða er til að vel verði vandað til reglna um skjalavörslu svo að þær nýtist skjalavörðum við störf.

5. **Pátttaka Héraðsskjalasafns Kópavogs í Norrænum skjaladegi:**
Héraðsskjalavörður Kópavogs tók þátt í Norrænum skjaladegi 14. nóv. sl. en viðfangsefni hans var konur og kvenfélög. Setti héraðsskjalavörður tvo sögukafla frá okkur hér inn á vef Skjaladagsins (skjaladagur.is), annan um Líknarsjóð Áslaugar Maack en hinn um Kvennalistann í Kópavogi. Héraðsskjalasafn Kópavogs og Borgarskjalasafn Reykjavíkur tóku þótt í kynningu Þjóðskjalasafnsins í húsakynnum þess að Laugavegi 162 og voru þar m.a. sýnd skjöl frá Kvenfélagi Kópavogs.
6. **Ársrit Héraðsskjalasafnsins:** Farið er að vinna við ársritið fyrir 2008-2009. Stjórnin leggur áherslu á að þetta ársrit komi út 2010 og verði gefið út með lágmarkskostnaði eins og síðast.
7. **Starfsmannamál:** Fólkið sem vann við Héraðsskjalasafnið hluta af árinu á vegum Vinnuálastofnunar er hætt hér. Héraðsskjalavörður vill helst fá fólk að nýju sem ynni þá á sama grunni því að þessir starfsmenn nýttust frábærlega.
Gunnar S. Óskarsson arkitekt var ráðinn á Héraðsskjalasafnið nóv. – des. 2009 til að skrá kort og teikningar og ganga frá því efni. Gunnar lagði á ráð með að kaupa skápa á safnið undir teikningar og fleira. Stefnt er að því að hann riti um íslenskar byggingateikningar í Ársrit Héraðsskjalasafnsins 2010-2011.
8. **Kaup á búnaði:** Keypt hefur verið ljósritunarvél til Héraðsskjalasafnsins, verð 440 þúsund. Tveir teikningaskápar koma næstu daga og kosta þeir alls kr. 556.447.
9. **Húsnæðismál, óskað eftir fundi með bæjarstjóra:** Stjórn ætlar að biðja um fund með bæjarstjóra vegna húsnæðis safnsins. Héraðsskjalaverði er falið að panta tíma.
10. **Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.20.
Fundarritari Bjarni Ólafsson